

## Menningarmál

## Haustuppskera '71

Verði nýi salur Norræna hússins nýttur af sömu dæmalausum atorkunni og aðrir hlutar þessa menningarlega húss er hann mikið fagnaðarefni.

Nú stendur vísulýsing yfir, haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna, sem dr. Sigurður Þórarinnsson opnaði með þeim orðum, að myndlistin væri sú listgrein sem ástunduð væri af hvað mestri fjölbreytni hérlandis. Vissulega er sýningin fjölskrúðug þrátt fyrir að talsvert skorti á að allar tegundir myndlistarflórunnar okkar komi þar fram.

En jafnframt sést, að ekki er á ferðinni nein stór bylgja, þar sem fjöldinn vinnur að ákveðinni; heildarstefnu á sviðuðum hugmyndafræðilegu plani eins og þó hefur gerzt þrisvar í stuttri, samfelldri myndlistarsögu okkar.

Það var þegar frumherjar aldamótanna, brautryðjendurnir komu fram og máluðu fyrst og fremst landið sjálft, landslagsmálverk, og aftur þegar expressionismi kreppuáranna varð aðalstefnan með nýjum mönnum þar sem socialrealismi var eitt af aðaleinkennunum, og enn gerðist það eftir heimsstyrjöldina síðari þegar abstraktsveiflan myndast, byrjar í geometríu og þróast yfir í lyrik og materialisma.

Og nær allar af okkar merkustu myndum eru að einhverju leyti afsprengi þessara átaka sem eiga sér rætur í þjóðlífinu og breytingum þess.


En af þeirri yfirsýn sem nú fæst er nær að draga þá ályktun, að nú sé tími tilrauna og leitar.

Enginn skyldi þó skilja þetta á þann vegg að ekki ættu að geta fæðzt góðar myndir nú, og það eru til góðar myndir á haustsýningunni.

Kortur gerast nú víða allgustmiklar og framkvæmdasamar og ekki fer myndlistin varhluta af því. Vefnaður Ásgerðar Búaðóttur er sterkt myndlistarverk og glæsibragur yfir því. Ofið portrett Hildar Hákonardóttur af manni og húsinu hans er einstætt og léttur húmor yfir stóra teppinu þar sem þrír auðir stólar bíða ráðherranna þann 14. júlí, 1 stk. pr. flokk, en yfir svifur ósnortin afrekaskrá. Í byggingu myndanna leikur Hildur með symmetríu eða tvíhverfu sem er mjög erfitt. Hanna G. Ragnarsdóttir virðist mjög efnilegur vefari, en það gegnir furðu hversu óheppin Vigdís Kristjánsdóttir er sífellt með staðsetningu verka sinna á samsýningunum.

Þorbjörg Pálsdóttir á skúlpúr utan dyra, og sjálfsagt segja einhverjir að mynd af vígvelli eigi ekki erindi í íslensku myndlist. Þorbjörg notar sama hráslagalega plastefnið og hún gerði diskótekið úr sem var á Skólavörðuholtinu í fyrra en nú hæfir það viðfangsefninu og eykur við myndina. Þorbjörg sýnir mjög góða þekkingu á mannslíkamanum og er skúlpúrin fullkomlega hringsær og rökrettur, en ástæða hefði verið til að koma fyrir ljósum við myndina.

Að öðru leyti þykja mér skúlpúrar sýningarinnar veikasti hluti hennar. Ekki einu sinni



„Nökkvasvif“ eftir Vilhjálmm Bergsson og „Relief“ eftir Eyborgu Guðmundsdóttur.

Sigurjón Ólafsson né heldur Ragnar Kjartansson, megna að bjarga þeim hluta fyllilega og er leitt að hvorki Jón Gunnar Árnason né Magnús Tómasson skuli vera þarna með.

Annars er ekkert það á sýningunni sem stuggar við manni eða gæti jafnvel hneykslað ofurlítið einhverja fróma sál, án þess þó að slíkt sé nokkur mælikvarði á gæði.

Þetta er ákaflega þrúð sýning.

Árlegt ætlunarverk hennar tekst ekki, þ.e. að sýna stöðu myndlistar okkar hverju sinni, til þess er framlag ungs fólks of lítið og jafnframt vantar ýmsa þá sem oftlega hafa reynzt burðarásar samsýninga.

Sýningarnefnd hefur verið sér meðvitandi um þetta. Á undanföllum árum hefur það verið greinileg stefna að meðlimir hennar væru hléðrægir á samýningunum, en að þessu sinni er framlag þeirra af málverkum og grafik drjúgt. Í stuttu máli sagt væri sýningin nær óhugsandi án þess.



Formaður nefndarinnar, Bragi Ásgeirsson, heldur áfram þar sem hann hefur verið að hasla sér völl á liðnum árum og sýnir fjórar mjög samstæðar myndir. Vilhjálmm Bergsson á þarna þrjú verk, áþekkt þeim er við

EFTIR  
GYLFA  
GÍSLASON

bezt þekktum frá hans hendi, full af viddum og eyðileika þar sem formin svifa í rúminu, og eykur lýsingin á þær kenndir.

Stórfjölskylda Einars Hákonarsonar er verð fyllstu athygli þó hún standi ekki jafnfætis beztu myndunum á síðustu sýningu hans.

Fjórir nefndarmaðurinn, Jens Kristleifsson, er sterkastur í



stóru dúkristunum sem iða fyrir augum manns og eru magnaðri en þær sem minni eru, þrátt fyrir að myndbyggingin sé lausari í þeim.

Annars er grafik greinilega forstofulist ennþá hjá okkur, og að öreyndu hefði ég ætlað Grafikfélaginu stærri hlut. Hvar er Björg Þorsteinsdóttir sem hélt svo góða sýningu í Unuhúsi á dögunum? Aðeins tveir aðrir grafikarar en Jens sýna þarna, Ragnheiður Jónsdóttir með fjórar mjög laglegar myndir gerðar af grófri tækni, og en Þorsteins son tvær.

Kristján Davíðsson sýnir málverk hraðrar vinnslu og öruggs litaskyns, en bætir ekki við sig þarna en aftur á móti gerir Jóhannes Jóhannesson betur en að halda sínu, a.m.k. skiluðu myndir hans sér betur til mín en oftast áður.

Hörður Ágústsson sýnir þjálfaða hraðteikningu í verkum sínum og Hrúður er gott verk í einfaldleik sínum og býr yfir ríkari litbrigðum en virðist við fyrsta augnakast.

Ágúst Petersen sýnir þrjár

myndir að þessu sinni, og er Fjalla-Eyvindur mesta verkið. Ágúst sýnir stöðuga framþróun í verkum sínum og hefur styrkt þessa mynd mikið frá því að hún var á sýningu hans í Búsálsalnum.

Hins vegar verður uppsetning skúlpúrs framan við myndina að teljast vafasöm og truflar. Andspænis Ótta eftir Pál Andræsson, sem beinir huganum að Ópinu eftir Munch má minna á að úrvinnsla áhrifa hættir þar sem stælingin byrjar.

Eyborg Guðmundsdóttir nýtur góðs af frábærri lýsingu salarins sem verður þáttur í myndum hennar, einkum kemur það vel fram í svörtu myndunum og kannski tekur maður þær þess vegna framyfir hinar. Af skyldum toga eru verk Margrétar og Stephens þar sem litamynstur, speglun, lýsing og hreyfing eru meginþáttur í samruna skúlpúrs og málverks.

Aldursforsetinn, Ísleifur Konráðsson slær ekki slöku við og sýnir nýja mynd af Hvítserk, standandi sem brynvarið skrímsli. Önnur mynd er þarna til eftir hann frá Vestfjörðum, báðar gerðar af sannfærandi einlægni.

Gunnar Örn Gunnarsson sýnir greinilega framför frá því hann sýndi í Unuhúsi. Mér lízt betur á nr 118 en hinar myndirnar þar sem áhrif frá Francis Bacon eru fullhrá ennþá, þó vel megi finna lakari félagskap.

Það hlýtur að vekja furðu hversu lítið framlag SUM er aðeins einn aðili, en hingað til hafa félagarnir þar ekki verið tiltakanlega óframfærnir eða framkvæmdalausir. En máske er þetta eðlilegt svar við tómi lætihu sem þeim er sýnt. Mætti tilnefna síðustu listamannalaun, en þá runnu 2,4 millj. til myndlistar. Niðurstöður úthlutunarnefndar ættu að vera kunnar öllum sem samlega fylgjast með Starfslaun listamanna eru í ár á fjórða hundrað þúsund krónur en þau féllu óskipti í hlut eldri kynslóðarinnar. Þar til fyrir örskömmu hafði Listasafn Íslands aðeins keypt eina mynd af ungum manni nú í ár, fyrir kr. 20.000, en hefur samkvæmt áætlun ca. 7-800.000 kr. úr að spila á árinu.

Hvað snertir FÍM þá má vera að kvaðir um innsendingu mynda utanfélagsmanna séu of strangar, þ.e. sjö myndir sem ekki hafa verið sýndar áður, og hamlj það nokkuð þátttöku í sýningunni. En jafnframt er þessi krafa að mörgu leyti skiljanleg þegar hugað er um allt fúskið sem viðgengst hér.

Að öllu samanlögðu kann því að vera að sú yfirsýn er nú fæst um stöðu íslenskrar myndlistar sé, þrátt fyrir allt, ekki svo fjarri sannri. Uppskeyra er venjulega í réttu hlutfalli við sýningu og umhirðu.

Að síðustu er skylt að geta salarins sem er hinn þrýði legasti þó lofthæð sé takmörkuð og af einfaldri og með köflum hrjúfri efnismeðferðinni mættu sumir banka-arkitektar okkar læra. Vonandi stendur loft ræstingun til bóta. En glansnúmerið er lýsingin. Eiga þeir fyllsta þakklæti skilið sem þeim þætti hafa stjórnað og tilhlakki, ef ljósum verður framvegis jafnkunnátusamlega beitt og nú var. Að líkindum verður næsta sameiginlegt stóráttak myndlistarmanna á listahátíðinni að vori og vonandi reynist veturinn giftudrjúgur til afreka svo framlagið geti orðið sem heillegast.



Höggmyndin „Heybandalest“ eftir Ragnar Kjartansson og í baksýn „Hrúður“ eftir Hörð Ágústsson og „Svartar greinar“ eftir Hönnu G. Ragnarsdóttur.